

Sp.

36. Fyrirspurn

[36. mál]

til iðnaðarráðherra vegna fjöldauppsagna á Orkustofnun.

Frá Steingrími J. Sigfússyni.

1. Hverju sæta skyndilegar hópuppsagnir starfsmanna á Orkustofnun nú áður en fjárlög næsta árs hafa verið afgreidd og áður en athugun sú á starfsemi stofnunarinnar, sem getið er um í stjórnarsáttmálanum, hefur farið fram?
2. Hvernig fer um þau verkefni er starfsmenn, sem nú hverfa frá stofnuninni, unnu að og hvaða áhrif hafa þessar aðgerðir á framtíðarrannsóknir á verksviði stofnunarinnar?
3. Eru á döfinni frekari aðgerðir af þessu tagi á Orkustofnun eða öðrum stofnunum sem heyra undir iðnaðarráðuneytið?